

# REGLUR UM VEITINGU HEIÐURS- NAFNBÓTA OG AKADEMÍSKRA GESTASTARFA

## 1. HEIÐURSDOKTOR

### 1.1 Skilgreining

Nafnbótina „heiðursdoktor“ má veita þeim sem skólinn vill heiðra fyrir einstakt framlag til lista og menningar. Með valinu skapast tækifæri fyrir skólann til að sýna viðkomandi virðingu fyrir farsælt starf og mikilsvert framlag til fræðasviðs lista. Valið getur verið tengt stórafmæli skólans, afmæli viðkomandi eða öðru hátíðlegu tilefni, s.s. útskriftarathöfn að vori.

Heiðursdoktor þarf ekki að standast kröfur um akademískt hæfi til að öðlast nafnbótina, né þarf hann að hafa gegnt stöðu við skólann. Þeir sem hljóta þessa sæmd skulu hafa áorkað mikilsverðu starfi og njóta virðingar á sínu sviði, ýmist sem listamenn, fræðimenn eða hvers kyns leiðtogar á sviði menningar, lista eða listmenntunar. Fastráðnum starfsmönnum skólans er aldrei veitt heiðursdoktorsnafnbót á ráðningatímanum.

Engar formlegar skyldur eða starfsþættir fylgja nafnbótinni, en skólanum væri heiður sýndur af hverskyns framkomu viðkomandi í nafni skólans.

Heiðursdoktorsnafnbót er hvorki tíma- eða samningsbundin.

Enskt heiti heiðursdoktors er „Honorary Doctor of the Arts“.

### 1.2 Verklag

Tillögur að heiðursdoktorsnafnbót, ásamt rökstuðningi, berast rektor frá deildarfundi, framkvæmdaráði eða fagráði, eða eru settar fram að frumkvæði rektors. Rektor vísar málinu til nefndar á vegum fagráðs, sem fjallar um tillögurnar. Fagráð skipar þrjá fulltrúa úr röðum akademískra starfsmanna í nefndina:

- Akademískur starfsmaður úr röðum fagráðsfulltrúa (hvorki rektor né deildarforseti), sem gegnir embætti formanns.
- Fulltrúi deildarforseta.
- Fulltrúi akademískra starfsmanna.

Nefndin skilar álitni til rektors, sem tekur lokaákvörðun. Heiðursdoktorsnafnbót er veitt við skólann í heild.

## 2. HEIÐURSPRÓFESSOR

### 2.1 Skilgreining

Nafnbótina „heiðursprófessor“ má veita þeim sem hefur hlotið formlegt akademískt hæfismat (lektor, dósent, prófessor). Viðkomandi á jafnan að baki langan og farsælan feril og er vel þekktur fyrir störf sín á fræðasviði lista, hvort sem er við Listaháskólann eða viðurkennda listaháskóla erlendis.

Heiðursprófessor getur stutt við faglegt starf viðkomandi deildar, s.s. með fyrirlestrum, leiðsögn nemenda, þátttöku í opinberri umræðu um málefni fagsviðs eða deildar, eða með hverjum öðrum hætti sem ákjósanlegt þykir hverju sinni. Heiðursprófessor getur setið í nefndum á vegum deildar eða gegnt hlutverki fulltrúa hennar þegar slíkt er lagt til af deildarforseta. Þá er hægt að leita til heiðursprófessors um álit í tilteknum málum er varða viðkomandi deild eða fagsvið.

Heiðursprófessor hefur netfang á vegum skólans og nafnspjöld með merki skólans.

Heiðursprófessorsstaða er ótímabundin og viðkomandi er ekki á launaskrá hjá skólanum.

Enskt heiti heiðursprófessors er „Professor Emeritus“.

## 2.2 Verklag

Tillögur, ásamt rökstuðningi, berast rektor frá deildarforseta. Rektor vísar málinu til nefndar á vegum fagráðs, sem fjallar um tillögurnar. Fagráð skipar þrjá fulltrúa úr röðum akademískra starfsmanna í nefndina:

- Akademískur starfsmaður úr röðum fagráðsfulltrúa (hvorki rektor né deildarforseti), sem gegnir embætti formanns.
- Fulltrúi deildarforseta
- Fulltrúi akademískra starfsmanna

Nefndin skilar álit til rektors, sem tekur lokaákvörðun. Heiðursprófessorsnafnbót er veitt við tiltekna deild.

## 3. GESTAPRÓFESSOR

### 3.1 Skilgreining

Gestaprófessor gegnir ýmist akademískri stöðu við annan háskóla, þaðan sem hann hefur hlotið formlegt hæfismat, eða þá að viðkomandi hefur unnið markverð störf á vettvangi lista svo telja má ávinning fyrir tiltekin fagsvið skólans að sækjast eftir kröftum hans. Í tilfalli hins síðarnefnda skal leitað til hæfisnefndar um staðfestingu þess að ferill og störf viðkomandi beri með sér hæfi á fræðasviði lista.

Gestaprófessor er ráðinn til viðkomandi deildar til tímabundinna starfa, sem felast fyrst og fremst í kennslu, en geta einnig falið í sér rannsóknafrelag. Gestaprófessor hefur rétt til að sækja um stuðning í styrktarsjóði skólans.

Ráðningartími getur verið allt að þremur árum. Skipting starfsþátta og almennt starfsfyrirkomulag (s.s. aðkoma að stjórnun eða stefnumótun) er samningsatriði milli deildarforseta og gestaprófessors. Gestaprófessorsstöður geta einnig verið ólaunaðar stöður við skólann.

Enskt heiti gestaprófessors er „Visiting Professor“.

### 3.1 Verklag

Deildarforseti leggur fram tillögu að ráðningu gestaprófessors til rektors, sem ræður í starfið.

## 4. RANNSÓKNARPRÓFESSOR

### 4.1 Skilgreining

Rannsóknarprófessor er aðili sem hlotið hefur rannsóknarstyrk fyrir skilgreint verkefni og kýs að fela Listaháskólanum að hýsa það. Hafi rannsóknarprófessor ekki hlotið formlegt hæfismat við skólann skal leitað til hæfisnefndar um staðfestingu þess að ferill og störf viðkomandi beri með sér hæfi á fræðasviði lista. Rannsóknarprófessor dvelur tímabundið við tiltekna deild til að sinna skilgreindu rannsóknarverkefni.

Viðkomandi deild veitir rannsóknarprófessor aðstöðu til að sinna verkefninu sem og aðgang að stoðsviðum, gögnum eða þekkingu eins og við á, auk þess að aðstoða við tengslamyndun við héraðan fagvettvang. Rannsóknarprófessor miðlar rannsókn sinni innan deildar, s.s. með fyrirlestri eða kennslu. Staða rannsóknarprófessors felur ekki í sér aðkomu að stjórnun og stefnumótun fyrir deild eða skólann í heild.

Enskt heiti rannsóknarprófessors er „Research Professor“.

#### 4.2 Verklag

Deildarforseti leggur fram tillögu að ráðningu rannsóknarprófessors til rektors, sem ræður í starfið.

## 5. GESTARANNSAKANDI

#### 5.1 Skilgreining

Gestarannsakandi er sérfræðingur á fræðasviði lista sem dvelur tímabundið við tiltekna deild til að sinna skilgreindu rannsóknarverkefni.

Viðkomandi deild veitir gestarannsakanda aðstöðu til að sinna verkefninu sem og aðgang að gögnum eða þekkingu eins og við á, auk þess að aðstoða við tengslamyndun við héraðan fagvettvang. Gestarannsakandi miðlar rannsókn sinni innan deildar, s.s. með fyrirlestri eða kennslu. Staða gestarannsakanda felur ekki í sér aðkomu að stjórnun og stefnumótun fyrir deild eða skólann í heild.

Enskt heiti gestarannsakanda er „Research Fellow“.

#### 5.2 Verklag

Deildarforseti ber ábyrgð á samningagerð við gestarannsakanda, í samráði við rektor.

Viðkomandi þiggur ekki laun frá skólanum meðan á dvöl stendur.

Samþykkt af stjórn 23. mars 2016